

Alþingi
Erindi nr. P 140/100
komudagur 11.11.2011

11. nóvember 2011

Umsögn Félags Umhverfisfræðinga á Íslandi (FUMÍ) um 7. mál, þingsályktunartillaga 140. löggjafarþingi - Skýrsla nefndar Alþingis um Eflingu græns hagkerfis á Íslandi: Sjálfbær hagsæld – samfélag til fyrirmyndar.

FUMÍ fagnar skýrslu nefndar um eflingu græns hagkerfis á Íslandi ásamt þeim áherslum og þeirri framtíðarsýn sem birtast þar. Mikilvægt er að ötullega sé unnið að því að móta hagkerfið á sjálfbæran hátt, þannig að vöxtur þess sé í sátt við náttúru en einnig samfélagi til hagsbótar.

Mikilvægt er að skilgreiningar og framtíðarsýn séu skýr og markmið um grænt hagkerfi mælanleg. FUMÍ leggur því áherslu á skýrt árangursmat fyrir einstakar tillögur og áætlun um hvernig heildarmarkmiðum verði náð.

FUMÍ vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

1. FUMÍ hvetur til þess að skýrt verði betur hvað grænt hagkerfi er, helstu lykiltölur skilgreindar og að ljóst sé strax frá upphafi hvernig mæla eigi árangur aðgerða. Á bls. 4, 5 og 14 er grænt hagkerfi skilgreint en það vantar eina skýra skilgreiningu. Mjög gagnlegt væri að skilgreina hvað eru græn störf svo hægt sé að átta sig á fjölda slíkra starfa í dag en ekki síður því hverjir eiginleikar grænna starfa eru. Þar með verður auðveldara að ákveða hvers konar starfsemi eigi að styðja til að efla slík störf og hagkerfið þar með í heild sinni.
2. FUMÍ hvetur til þess að í skýrslunni sé sett fram skýrt árangursmat við hverja tillögu, þar sem beitt verði viðurkenndri aðferðarfræði til mælinga á árangri í átt til sjálfbærni, t.d. með því að nota aðferð framfarastuðulsins GPI (Genuine Progress Indicator), sbr. tillögu 6. Um leið verði sú aðferðarfræði grunnur að því að meta árangur í átt til græns hagkerfis. Við útreikning á GPI er mikilvægt að:
 - a. GPI útreikningar séu gerðir af þverfaglegu teymi og byggi á rannsóknum í hinum ýmsu fræðigreinum.
 - b. GPI útreikningar séu gegnsærir og almenningur geti fylgst með hvernig matið fer fram.
3. Mæling á vistspori verði notuð við árangursmat, þar sem það á við.
4. Samhlíða verði það skoðað vandlega að nota Global Reporting Initiative (GRI) sem tæki til að meta árangur af grænu hagkerfi fyrir einstakar stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins, eins og mælt er með í tillögu 14. .
5. Að tillögur séu betur samþættar. Tillögur 42 til 47 eru til dæmis allar tengdar almenningssamgöngum og mætti sameina undir þeim hatti. Einnig má setja skýrar fram að tilgangur sé að efla almenningssamgöngur með því að leggja áherslu á að nota innlenda endurnýjanlega orkugjafa og um leið draga úr mengun (hávaða- og loft-) frá ökutækjum. Á bls. 44 er minnst á tilraunaverkefni um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Kannski færi betur á því að það sé samþætt við tillögur 42-47. Jafnframt séu sett skýr og mælanleg markmið um að auka vægi almenningssamgangna og um leið að ákveða að t.d. að árið 2020 verði allar almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæði knúnar áfram af innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum.

*Fyrir hönd stjórnar FUMÍ,
Kjartan Bollason, Formaður FUMÍ*